

**Önnur ákvæði**

9. gr.

Eftirlitsnefnd skal gæta þess að starfsemi félagsins sé í samræmi við samþykktir þess. Nefndin ber ábyrgð á endurskoðun reikninga og skilar árlega endurskoðunarskýrslu til Norrænu ráðherranefndarinnar.

Eftirlitsnefnd er hin sama og Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð hafa kjörið til að hafa eftirlit með starfsemi Norræna fjárfestingarbankans.

10. gr.

Norræna ráðherranefndin getur tekið ákvörðun um breytingar á samþykktum félagsins eða viðbót við þær. Ráðherranefndin skal í síðasta lagi 1. janúar 1996 taka afstöðu til áframhaldandi starfsemi félagsins.

Ákveði Norræna ráðherranefndin að slíta félaginu útnefnir hún menn til að sjá um slitin.

Slit félagsins með endurgreiðslu eða annarri ráðstöfun eigna félagsins getur ekki orðið fyrr en félagið er laust við skuldbindingar.

Nr. 27

26. ágúst 1990

**AUGLÝSING****um gildistöku samnings um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum  
prófana og staðfestingum á samræmi.**

Samningur frá 15. júní 1988 um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi og bókun um beitingu samningsins gagnvart furstadæminu Liechtenstein öðlast gildi 1. október 1990, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1990 þar sem samningurinn og bókunin eru birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. ágúst 1990.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

---

*Þorsteinn Ingólfsson.*

Nr. 28

3. október 1990

**AUGLÝSING****um samning við Cabo Verde um þróunarsamvinnu.**

Í dag var undirritaður í Reykjavík samningur milli Íslands og Cabo Verde um þróunarsamvinnu. Samningurinn öðlaðist gildi við undirskrift.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. október 1990.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

---

*Þorsteinn Ingólfsson.*